

Kennaranám við Listaháskóla Íslands

Kennaranámið er fræðinám til undirbúnings fyrir kennslu í listum í grunn- og framhaldsskólum samkvæmt námskrá og til almennra fræðslustarfa. Í náminu er áhersla lögð á að nemendur öðlist þekkingu og skilning á starfi kennarans og fræðum um kennslu; færni kennarans við skipulag náms, vali á kennsluáferðum, námsgögnum og kennslugögnum, námsmati, greiningu á þörfum nemenda ásamt almennri þekkingu á skólastarfi.

Markmið Listaháskólans er að útskrifa kennara sem hafa bæði góða fagþekkingu í sinni listgrein og á sviði kennslu. Með því að mennta listamenn til kennslustarfa vill skólinn efla hlut lifandi lista í fræðslu og menntun allra landsmanna og auka skilning á gildi skapandi hugsunar í öllu skólastarfi.

Nemendur sækja námið, sem eru 30 einingar ýmist á einu eða tveimur árum. Að náminu loknu sækja þeir um kennsluréttindi til Menntamálaráðuneytisins sem grunn- og / eða framhaldsskólakennarar.

Skólaárið 2006-2007 voru skráðir nemendur í kennaranámi 43, þar af voru konur 39 og 4 karlar. Listrænn bakgrunnur kennaranemanna var fjölbreyttur eins og undanfarin ár. Í hópnnum voru 11 tónlistarmenn þar af einsöngvarar, tónsmiður og hljóðfærleikarar – píanó, fiðla, víóla og selló, tveir leikarar og einn leikstjóri, grafískir hönnuðir, ljósmyndari, fatahönnuður, textíllistamenn, leirkerasmiðir og fjölhæfir myndlistarmenn. Nemendur voru: Aðalheiður Gunnarsdóttir, Alexandra Litaker, Anna Brynja Baldursdóttir, Anna Leif Elísdóttir, Arna Gunnarsdóttir, Ásdís Elva Pétursdóttir, Áslaug Davíðsdóttir, Gjörk Viggósdóttir, Cécile Parcillié, Elfa Björk Rúnarsdóttir, Elín Halldórsdóttir, Elísa María Geirsdóttir, Elísabet Þórðardóttir, Eric Farley Hearn, Finna Birna Steinsson, Guðrún Árdís Össurardóttir, Guðrún H. Bjarnadóttir, Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir, Guðrún Þórðardóttir, Halla Dögg Önnudóttir, Hallvarður Ásgeirsson, Heiður María Loftsdóttir, Helgi Heiðar Stefánsson, Hrefna Harðardóttir, Hrönn Axelsdóttir, Inga Björg Stefánsdóttir, Ingibjörg Bjarnason, Ina Dóra Hjálmarsdóttir, Jeanette Castioni, Karl Jóhann Jónsson, Klara Þórhallsdóttir, Kristín Elva Rögnvaldsdóttir, Kristín Ísleifsdóttir, Lovísa Sigurðardóttir, Margrét Indíana Guðmundsdóttir, Rannveig Gissurardóttir, Sandra Mjöll Jónsdóttir, Sigurlína Kirstinsdóttir, Sonja Georgsdóttir, Stefanía Ólafsdóttir, Þorbjörg Daphne Hall, Þórdís Eva Þórleiksdóttir, Þórhildur Elín Elínardóttir.

Vorið 2007 útskrifuðust eftirfarandi 32 listamenn með diplóma í kennslufræði til kennsluréttinda frá Listaháskóla Íslands. Aðalheiður Gunnarsdóttir tónlistarkona, Alexandra Litaker, Anna Brynja Baldursdóttir leikona, Anna Leif Elísdóttir lífskúntnerína, Arna Gná Gunnarsdóttir myndlistarmaður, Ásdís Elva Pétursdóttir myndlistarmaður og textílhönnuður, Áslaug Davíðsdóttir textílhönnuður, Elfa Björk Rúnarsdóttir tónlistarmaður, Elísa María Geirsdóttir söngkona og tónlistarmaður, Eric Farley Hearn myndskreytingarmaður, Guðrún H. Bjarnadóttir listakona, Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir myndlistarmaður, Halla Dögg Önnudóttir myndlistarmaður, Hallvarður Ásgeirsson tónsmiður, Heiður María Loftsdóttir grafískur hönnuður, Helgi Heiðar Stefánsson tónlistarmaður, Hrefna Harðardóttir leirlistarkona, Hrönn Axelsdóttir ljósmyndari, Inga Björg Stefánsdóttir tónmenntakennari, Jeanette Castioni myndlistarmaður, Karl Jóhann Jónsson myndlistarmaður, Klara Þórhallsdóttir, Kristín Elva Rögnvaldsdóttir myndlistarmaður, Kristín Ísleifsdóttir myndlistarmaður, Lovísa Sigurðardóttir myndlistarmaður, Margrét Indíana Guðmundsdóttir fatahönnuður, Rannveig Gissurardóttir skartgripahönnuður, Sandra Mjöll Jónsdóttir myndlistarmaður, Sigurlína Kirstinsdóttir, Stefanía Ólafsdóttir tónlistarmaður, Þorbjörg Daphne Hall tónlistarmaður, Þórdís Eva Þórleiksdóttir.

Fastráðnir starfsmenn við kennaranámið eru Arnþrúður Ösp Karlsdóttir forstöðumaður kennaranáms og Svanborg Matthíasdóttir umsjónarkennari kennaranema. Á skólaárinu 2006-2007 voru 28 stundakennarar eða gestafyrirlesarar sem komu fræddu nemendur um sína sérgreinar á svið kennslu almennt eða kennslu í listum. Æfingakennarar kennaranema voru 41, þar af í grunnskóla 17 og í framhaldsskóla 24.

Stjórn kennaranáms er skipuð rektor og deildarforsetum. Fundir í stjórn kennaranáms og kennarafundir eru að jafnaði haldnir tvisvar á misseri.

Kennaranámið hefur aðstöðu í húsnæði Listaháskólans í Laugarnesi. Í október 2006 voru nýjar kennslustofu teknar í notkun fyrir kennaranámið á 2. hæð í norðurenda hússins í Laugarnesi. Þar eru tvær kennslustofur, önnur þeirra rúmar fjölmenna fyrirlestra eða fundi og minni stofan hentar kennslu fyrir 15-20 manna hópa. Báðar eru stofurnar vel búnar tækjum þ.e. tölvu, skjávarpa, hljómflutningstækjum og fleira ásamt nýlegum húsgögnum. Heimasvæði og vinnuaðastaða nemenda er góð og er mikið notuð af nemendum.

Skólaárið 2007-2008 er sjöunda skólaárið sem LHÍ býður kennaranám fyrir listamenn. 26 nemendur stunda kennaranám í vetur þar af 5 karlar og 21 kona. Sjónlistafólk (myndlistarmenn og hönnuðir) eru enn sem áður flestir, tónlistarmenn eru fjórir og leikarar tveir. Í fyrsta sinn er nú boðið uppá að hefja námið á vormisseri. Opið verður fyrir umsóknir til 10. desember.

Áætlað er að 19 nemendur útskrifist í vor, ýmist með 15 eða 30 eininga diplóma.

Kennaranám við Listaháskóla Íslands

Nemendur sækja námið, sem eru 30 einingar ýmist á einu eða tveimur árum. Að náminu loknu sækja þeir um kennsluréttindi til Menntamálaráðuneytisins sem grunn- og / eða framhaldsskólakennarar.

Skólaárið 2006-2007 voru skráðir nemendur í kennaranámi 43, þar af voru konur 39 og 4 karlar. Listrænn bakgrunnur kennaranemanna var fjölbreyttur eins og undanfarin ár. Í hópnum voru **11 tónlistarmenn** þar af einsöngvarar, tónsmiður og hljóðfæraleikarar – píanó, fiðla, víóla og selló, **tveir leikarar og einn leikstjóri** og **30 með myndlistar- eða hönnunarnám** s.s. grafískir hönnuðir, ljósmyndari, fatahönnuður, textíllistamenn, leirkerasmiðir og fjölhæfir myndlistarmenn.

Vorið 2006 útskrifuðust eftirfarandi 32 listamenn með diplóma í kennslufræði til kennsluréttinda frá Listaháskóla Íslands. Tónlistarmenn voru 7, ein leikona, hinir voru með hönnunarnám, myndlist eða ljósmyndun.

Fastráðnir starfsmenn við kennaranámið eru Arnþrúður Ösp Karlsdóttir forstöðumaður kennaranáms og Svanborg Matthíasdóttir umsjónarkennari kennaranema.

Á skólaárinu 2006-2007 voru 28 stundakennarar eða gestafyrirlesarar sem komu fræddu nemendur um sína sérgreinar á svið kennslu almennt eða kennslu í listum. **Æfingakennarar kennaranema voru 41,** þar af í grunnskóla 17 og í framhaldsskóla 24.

Kennaranámið hefur aðstöðu í húsnæði Listaháskólans í Laugarnesi. Í október 2006 voru nýjar kennslustofu teknar í notkun fyrir kennaranámið á 2. hæð í norðurenda hússins í Laugarnesi. Þar eru tvær kennslustofur, önnur þeirra rúmar fjölmenna fyrirlestra eða fundi og minni stofan hentar kennslu fyrir 15-20 manna hópa. Báðar eru stofurnar vel búnar tækjum þ.e. tölvu, skjávarpa, hljómflutningstækjum og fleira ásamt nýlegum húsgögnum. **Heimasvæði og vinnuaðastaða nemenda er góð og er mikið notuð af nemendum.**

Skólaárið 2006-2007 er sjöunda skólaárið sem LHÍ býður kennaranám fyrir listamenn. **26 nemendur stunda kennaranám í vetur þar af 5 karlar og 21 kona.** Sjónlistafólk (myndlistarmenn og hönnuðir) eru enn sem áður flestir, tónlistarmenn eru fjórir og leikarar tveir. Í fyrsta sinn er nú boðið uppá að hefja námið á vormisseri. **Opið verður fyrir umsóknir til 10. desember.**

Áætlað er að 19 nemendur útskrifist í vor, ýmist með 15 eða 30 eininga diplóma.